




## VIKURNÁM VIÐ BÚRFELLSHÓLMA, SKEIÐA- OG GNÚPVERJAHREPPI

Beiðni um umsögn vegna breytingar á framkvæmdarlýsingu frá kynntri matsáætlun

24.05.2024





## GREINARGERÐ

### SKJALALYKILL

102278-SKY-001-V01

### TITILL SKÝRSLU

Vikurnám við Búrfellshólma, Skeiða og Gnúpverjahreppi – Beiðni um umsögn vegna breytingar á framkvæmdarlýsingu frá kynntri matsáætlun

### VERKHEITI

Vikurnám við Búrfellshólma, Skeiða- og Gnúpverjahreppi - Matsáætlun

### VERKEFNISSTJÓRI / FULLTRÚI VERKKAUPA

Andri Jón Sigurbjörnsson

### VERKKAUPI

Hólasmári ehf.

### VERKEFNISSTJÓRI EFLA

Aron Geir Eggertsson

### HÖFUNDUR

Aron Geir Eggertsson

### STAÐA SKÝRSLU

- Í vinnslu  
 Drög til yfirlstrar  
 Lokið

Hólasmári ehf. hefur kynnt matsáætlun vegna áforma um efnistöku við Búrfellshólma og er umsagnafresti lokið. Í greinargerð þessari gerir framkvæmdaraðili grein fyrir breytingum á framkvæmdarlýsingu, sem orðið hafa frá því að matsáætlun var kynnt og óskar eftir umsögn við breytingunum.

### DREIFING

- Opin  
 Dreifing með leyfi verkkaupa  
 Trúnaðarmál

## 1 EFNISFLUTNINGAR FRÁ NÁMU

### 1.1 Forsaga og tilgangur greinargerðar

Hólasmári ehf. áformar efnistöku á Búrfellshólmum í Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Um er að ræða efnistöku á landskika í beinu framhaldi af fyrrverandi námuvinnslu á Búrfellshólmum. Ályktað er að um 4-5 milljón m<sup>3</sup> sé vinnanlegt úr landskikanum. Tilgangur framkvæmdarinnar er að afla hágæða vikurs til frekari vinnslu.

Framkvæmdin er matsskyld samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 111/2021 en áætlað er að efnismagn verði meira en 500.000 m<sup>3</sup> og er framkvæmdin því matsskyld skv. tl. 2.01 í fyrsta viðauka laganna.

Matsáætlun framkvæmdarinnar fór í formlega kynningu hjá Skipulagsstofnun 5. mars 2024. Gafst lögbundnum umsagnaraðilum og öðrum hagsmunaaðilum færi á að skila umsögnum við framlagða matsáætlun og var kynningarfrestur til og með 5. apríl 2024. Landsvirkjun skilaði m.a. inn umsögn við fyrirhugaðri framkvæmd og lýsti yfir áhyggjum vegna fyrirhugaðra efnisflutninga en í matsáætlun var kynnt að eina leiðin til og frá efnistökusvæðinu væri eftir mannvirkjum Landsvirkjunar, þ.e. yfir lokur Bjarnarlóns. Landsvirkjun telur að heppilegra væri að finna aðra leið til að flytja efnið úr námunni.

Hólasmári hyggst nú gera breytingar á efnisflutningum og falla frá þeim áformum sem kynnt voru í matsáætlun. Í næsta kafla má sjá hvernig efnisflutningar voru kynntir í matsáætlun og hvaða breytingu Hólasmári hyggst leggja fram.

Í ljósi breytinganna, óskar framkvæmdaraðili eftir viðbótar umsögn frá lögbundnu umsagnaraðilum. Breyting þessi verður frekar kynnt í umhverfismatsskýrslu sem frávík frá matsáætlun.

### 1.2 Breytingar frá kynntri matsáætlun

#### 1.2.1 Efnisflutningar samkvæmt kynntri matsáætlun

Efnisflutningar voru kynntir með eftirfarandi hætti í matsáætlun framkvæmdar:

*Náman er staðsett austan við Búrfell milli Þjórsár til austur og Bjarnalæks til vesturs. Aðkoma að svæðinu er af Þjórsárdalsvegi (nr. 32) en ekið er yfir brú yfir Bjarnalón og þaðan til norðausturs að vegslóða inn á núverandi námusvæði. Þaðan er ekið suður með Þjórsá inn að fyrirhuguðu efnisvinnslusvæði. Efnið er flutt af námusvæði með 43 m<sup>3</sup> flutningavögnum og ekið niður á láglandið þar sem efnið er unnið nánar. Ekki liggur fyrir nákvæm staðsetning á fyrirhuguðu vinnslusvæði að svo stöddu en í umhverfismatsskýrslu verður ítarlega fjallað um vinnslusvæði. Ekki þörf á að nýir vegir verði gerðir heldur verða núverandi innviðir nýttir. Þar sem efni hefur verið unnið úr námunni í áratugi má gera ráð fyrir að umferð haldist nokkuð óbreytt þegar litið er til vinnslutímabils.*

### 1.2.2 Breytingar á efnisflutningum

Austan við efnistökusvæðið liggur farvegur Þjórsár en á þessu svæði er farvegurinn að miklu leiti þurr þar sem Þjórsá er veitt fram hjá þessu svæði, þ.e. úr uppistöðulóni og niður í Búrfellsstöð. Þessi farvegur er því þurr stóran part ársins en þó koma stöku toppar í flæði og er það þá yfirleitt vegna þess að Landsvirkjun hleypir vatni fram hjá Búrfellsvirkjun. Því má áætla að yfirleitt sé nokkur fyrirvari á því þegar vatn fer að renna niður þennan farveg. Í umhverfismatsskýrslu verður nánar fjallað um hve oft vatn er leitt niður Þjórsá.

Núverandi leið í og úr námunni liggur í vestur og yfir á Þjórsárdalsveg en Landvegur liggur austan við námuna. Farvegur Þjórsár liggur á milli framkvæmdarsvæðis og Landvegar en miðað við núverandi aðstæður væri því heppilegast að leggja slóða yfir farveg Þjórsár og komast þaðan upp á Landveg. Með því móti þyrfti ekki að aka eftir mannvirkjum Landsvirkjunar, akstursleið fyrir efnisflutninga myndi styttest en þá hentar Landvegur einnig betur til flutninga heldur en Þjórsárdalsvegur þar sem meðal annar er keyrt í gegnum Árnes.

Slóði yfir Þjórsá þyrfti einungis að vera opinn yfir sumarmánuðina á meðan efnistöku stendur en slóðinn myndi svo líklegast skolast að mestu leiti í burtu yfir veturinn. Árfarvegurinn er um 250 metra breiður á þeim stað sem væri hentugastur að leggja slóðann. Áætlunin væri þá að ryðja einfaldan slóða með jarðýtu yfir farveginn og setja ræsisrör þar sem það á við. Engu efni væri keyrt í slóðann heldur einungis notast við efnið sem er í farveginum sjálfum til að lágmarka umhverfisáhrif og slóðinn væri hannaður þannig að þegar flæði í farveginum eykst þá myndi vatnið flæða yfir slóðann sjálfan sem yrði svo lagfærður við næsta tækifæri. Ræsisrörin væru svo fjarlægð á haustinn þegar efnistöku líkur og því verður að teljast að þetta sé afturkræf framkvæmd. Að lokum yrði svo komið fyrir hliðum við báða enda slóðans til að ganga úr skugga um að engin umferð færi þarna um, önnur en tengd efnistöku.

Krafa Vegagerðarinnar um tengingu slóðans við Landveg var sú að það sæist 300 metra í báðar áttir við vegamótin og var það haft í huga þegar staðsetning var ákvörðuð. Hér að neðan má svo sjá gróflega mynd af fyrirhugaðri legu slóðans, en þess má geta að á myndin sýnir á engan hátt raunverulegt vatnsmagn í Þjórsá á þessu svæði.





Mynd 1 - Áætluð lega vegslóðans